Bændaríma. Kveðin af ýmsum
á bændanámskeiði 1922.
4. blöð qto. Vélrituð.

Bændarima.

Kveðin af ymsum á Bændanámsskeyði R.N. 1922.

------oooOoo------

Rætt var um Þörf á Þvi, að nota vinnukraft bænda á sumrin, er ekki væri hægt að vinna að heyskap, til annara starfa, -tóskapar, garðyrkju o.fl. Björn Lindal gat Þess að Það væri vandkvæði á sliku, Þar sem fólk vildi ekki starfa að örðru en heyskap. Þá var Þessi visa kveðin:

Øllu er breytt á ymsa grein
um búskaparháttinn
Lindal hefur aðeins ein
afnot kvenna um sláttinn

Einn fyrirlesari gat um kynbætur á plöntum og skýrði Það mál allmikið. Kvað hann mörg afbrigði koma fram við vixlfrjóvgun ymsra afbr. Þá var Þessi visa kveðin:

Afbrygðin eru ekki fá
eftir tilraunina
Hundasúru hleypt var á
holtasóleyjuna.

Misskilningur varð á milli tveggja ræðumanna um áburð, Þar sem annarzhjxxx taldi bestan áburð undan <u>rófum</u>.

Þótt Þú spurjir maður minn
mörgum heimskum fremur
Jeg tel bestan áburðinn
sem undan rófum kemur.

Út af fyrirlestri um jurtakynbætur og tilraunir G. Mendels á gulum og grænum baunum var Þessi visa kveðin. Höfðu menn alm. ekki skilning á Þvi efni, sem sja má.

Stefán bar fram baunapott
bændalærlingunum
en eldsneytið var ekki gott
Þvi aldrey sauð i honum.

Talað var eitt sinn um Luzereræktun, en Þeir er fjarstir voru i fundarsalnum tóku Það sem rætt væri um lúsarækt.

Gróðrarstöðvar starfsemin
stóð i allann vetur
Litið spruttu Luzerne
en lýsnar öllu betur.

Einn ræðumanna hóf mál sitt á Þvi, að hann væri alveg á gati i Þvi sem um var að ræða. Áheyrendum fanst lika hið sama og var Þessi visa sett saman um Það:

Þarna Þarf að byggja brú
og bæta gamla fatið
Eyland góði, áttu nú
ekkert til á gatið"?

Ekki græddi hann gull á Þvi
glaptist sildarmatið
Lyndal nagla ytti i
endalausa gatið.

Stiga' aðferðin fanst Þeim löng
flest Þó enda taki
Ekki er stebbi i orða Þröng
eða bauna hraki.

Fyrir ræðu fjekk hann gat
flestum bændum hnykti við
ef sjáfarafli og sildarmat
syndist höfuð atriðið.

Kunni ekki Kristján minn
keyra miðja vega
Þegar hann for i fyrsta sinn
flumbraði hann illilega.

Siðan hefur rammað rjett
ratljost Þa ei væri
Búhnykkjunum Þjappar Þjett
i Þægilegu færi.

Ørlög finnast ærið köld
og ekki litill bumansskaði
ef Lindal brennir eftir öld
engu nema sauðataði.

Hjer hefur lifað margt i moði
moð er til á hverjum bæ
Við getum ræktað moð með moði
moðið geymir Þroskað fræ.

Kannast hann við kúlu á mey
sem kemur af erfðasyndum
en Þúfnamyndun Þekkir ei
Þó i öllum myndum.

Ofran stör er ekki góð
ylgd og blómavana

Afbrygðanna önnun fróð
eflaust lagar hana.

Segir oss i Brekkubæ
búfræðingur stolti
að gott sje bonda að gripa fræ
i groðurlausu holti.

Upplýsingar ofan frá
út við rekum hjeðan
Upplýsing vill fólkið fá
fyrst af öllu að neðan.

Búfræðinga brestur kraft
að búa og er Það skaði
Þekkja ei sundur reku og raft
nje rekuskaft frá blaði.

Arni var að glenna gúl
um góða drullufloa
Kenning hans er fjandi fúl
að fita sinumoa.

A bændaskeiði Bensi var
Búskap lærði og rækt á túnum
Avöxt strax Þann uppskar Þar
að hann gleymdi að skamta kúnum

Scheyin vildi lið Þeim ljá
og lysigulli kæta
en enginn vildi innavið
efnahaginn bæta.

Hreinlæti er Þjóðar Þrá
Þykir miklu varða
Jónas skera ærnar á
ef Þær bara sparða.

Þetta allra álit var
að undanteknum Þremur
að fylgja Því til frambúðar
sem frá Þeim neðsta kemur.

Við bætum öll göt n með götum
gatistum vill ekki fækka
Agati við lendum a gati
götin Þau fjölga og stækka.

Vanti Þig efni maður minn
svo megir Þú reysa bæjinn Þinn
Að byggja úr froðu finst mjer ráð
hún freyðir út um Þetta lað.

Ef áfram Þetta árans raus
um æxlunina gengur
Þá kann jeg ekki konu laus
komast hjer af lengur.

Sumir skera undan ám
ættinni til bóta
Horkóngarnir tölа á tám
með tunnu a milli fóta

Jónass Sveinsson sárreiður
sauðaskyrið mælir
En Páll i Garði gráðugur
gleypir Það og ælir.

Enginn maður elli kviði
ef hann fylgir Lidal nú
Því 12 hundruð af tómu gulli
hann treður inn á sjerhver bú

Eina vissu út hann fann
úr Því mála Þjarki
Með sauðunum er samvinnann
sett að hæstu marki.

Mundi hleypti "úr og á"
eftir sinu geði
En fylling timans eftir á
uppskerunni rjeði.

Með magurt lamb á milli fóta
maður nokkur reða fer
A skyrtunnunni skal jeg fljóta
Því skylegt eðli i oss er.

Frá eldi líður fljótast fló
því fastan skrokk má henda slys
en sálin, hún má sigla þó
í sjóðandi loga helvítis.

Hefðu ei svinnir sveitamenn
sálgað fráfæronum
Jónas skyrið æti enn
undan geldingonum.

Lindal ræktar lítil bú
sem lengi blessun auka
ef menn hafa eina kú
og eitthvað við að bauka.

Á búnaðarfjelags básunum
eru býsn af ráðunautunum
en eftirlits af uppfræðslum
er þar fátt á boðstólum

Slagbekkjanna vís er vörn
þar vinnukonur sofa
Margt er það sem býla Björn
byrjendum vill lofa.

Hefir hann ræktað hugar þel
harðan vil jeg gerann
mig langar til að láta mel
Lofts á skalla berann

Höfuðbólin halda menn
heldur rýr til þrifa
en grasbýlin skal auka enn
eigi þjóð að lifa.

Hugsun ein mig þreytir þá
þessi: Hver vill geyma
brúðir ungar býlum á
þá bóndi er ekki heima.

Kristján sveppinn hefur þekkt
hann þó fáir þekki
þeir spurðu Stefán fjandi frekt
en fengu svörin ekki.

Kalla mætti Kristján svepp
kartöflunnar fjanda
sem að ætlar út í hrepp
öllu nú að granda.

Þá var afl í umræðum
alt þó lenti í kofi
Kristján göt á kartöflum
keyra sagði úr hófi.

Verst af öllu það jeg þekki
þetta í flestum torfbæjum
í rúmunum hafa rekkar ekki
ró fyrir skollans lekanum.

Ottast margur eldsins glóð
ef að lúðrar gjalla
upp úr salnum þusti þjóð
þvagi hjelt hún valla.

Svefnhúsið er svona smátt
sagt í nýbýlonum
að börn menn geti ekki átt
eftir gömlum vonum

Meistari smiði sitt ef senn
saman draga gerði
hjónarúmið hyggja menn
helst til stutt að verði.

Annað feil jeg einnig fann
á hanns stóru tóttum:
Yfir piltum ætlar hann
ungfrúm vera á nóttum

Þetta halir halda bót
hæpna- nú á dögum
greinilega ganga mót
Guðs og manna lögum.

Mjög er fúin menning köld
margur rúinn drengur
kann ei búa kappa fjöld
kerru snúa lengur

Sigurjóns er röddin rám
af römmu kvefi
sá hefur löngum sungið klám
með sínu nefi.

nJónas gamli fræðir fólk
fram í rauðan dauðam
Hann vill allir hafi mjólk
hesta, nauta, og sauða.

Herinn ekki hrellir geð
nje hríðar þorradagsins
við styrkjum alt og stjórnum með
"stofnsjóð Kaupfjelagsins"

Sveinbjörn kvað á hjónum heitt
og hafi ei ofn að gera
Ætli þurfi ekki neitt
uppihald að vera?

Gamla róin úti er
ást mig gripið hefur
Góði Lindal gefðu mjer
góða mey sem vefur.

Ráðunauta ráðhylli
reynist best hjá svönnum
ætli þeir sjeu afbrigði
undan kvennamönnum.

Harmafuna hitað land
hefur kent til þarauta
Þó hefur jafnan bjargað, bland
bónda, presta og nauta.

Hver sem Drottinn góður gaf
gullfagrar sjö dætur
Ætti að hugsa hjeðan af
um heldra fólks kynbætur.

Sigurður frá Sökkudal
sveiþaxk flaði orða þvogu
flutti okkur fram í sal
fimtíu hrútasögu.

Jeg hefi tapað allri ró
ef þið megið trúa
að gæti jeg fengið meyju og mó
mundi jeg fara að búa.

Bjargvættur sem leggur lið
landsverzlunar gæfa
Okkur lyftir uppa við
íslensk sauðakæfa.

Annaleysið alla slær
alt er í basli stríðu
Bóndin víkin borgað fær
best með henni Fríðu

Hafi fjandinn horkonginn
Helst til bjargar verður
víða um landið velmetinn
Veigastaðafogetinn.

Jeg held ræður altaf hjer
yfir þessum grúa
en misskylinn jeg altaf er
enginn vill mjer trúa.

Kesju reyddi kerlegur
knár í flestum róðrum
Scheving vildi skjótráður
skera/menn/lömb af fóðrum.

Nýbýlum með Halldóru hrósum
húsin lýst með rafurmagnsljósum
blessuð frúin baðar í rósum
en bóndinn er í nágrannans fjósum.

Scheving setur ekki á
öðrum mönnum betur
ef hann skera fóðrum frá
fer um miðjan vetur.

Ef við Dana öpum sið
ekki er hætta búinn
mölin tekur mönnum við
þó menning brott sje flúinn.

Lýðir hræðast Loftur minn
að ljókki á þjer vanginn
ef þú ferð í annað sinn
inn í fóðurganginn.

Fóru þrír til Þýskalands
þræluðu í mokstri skíts og hlands
einn fór burt til andskotans
með yngstu dóttur húsbóndans
uppfrá því kom aldrey dúr á auga hanns.

Feiknin öll af ljóðaleir
listaskáld þín bera
Á þau bæta öllu meir
Óþarft finst mjer vera.